

Staðsetning borholu í Leirförum í landi
Oddgeirshóla

Kristján Sæmundsson, Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð KS-LSG-84/12

STAÐSETNING BORHOLU Í LEIRFÖRUM Í LANDI ODDGEIRSHÓLA

Vísað er til greinargerðar HeTo-GIH-84/01 varðandi kortlagningu yfirborðshita í Leirföllum. Í greinargerðinni var lagt til að gerðar yrðu viðnámsmælingar áður en borhola yrði staðsett. Hætt var við þær en í staðinn ákveðið að leita með grunnnum borholum ef þörf yrði á, enda fengjust þá beinar hitamælingar. Reiknað er með að grunnvatn í Leirföllum streymi til vesturs, því sé ekki ástæða til að leita vestur fyrir heitasta staðinn. Lagt er til að byrjað verði að bora holu 10 m vestan við gryfjuna. Ef hún sýnir greinileg merki um grunnt aðstreymi heita vatnsins verði leitað með bornum þar til uppstreymið finnst. Þetta gæti að vísu orðið dýrari leit en viðnámsmæling en hins vegar mun öruggari vegna þess hve selta truflar viðnámsmælingarnar mikið. Þegar ákveðið var að fara þessa leið var talið víst að borað yrði með bornum Ými. Jarðboranir ríkisins munu hins vegar vilja nota Glaum til verksins, og kann það að breyta einhverju um kostnað þar sem sá bor er dýrari og þyngri.